

Leiksvæði og stígar í Urriðaholti

Viðauki við útboðsgögn

Komið hefur í ljós að misræmi er í útboðsgögnum varðandi tímasetningu á opnun tilboða. Í auglýsingunni á útboðsvef Garðabæjar er röng dagsetning á opnun, 28. mars 2024, sem ber upp á skírdag. Í útboðsgögnum kemur fram að tilboð verði opnuð miðvikudaginn 27. Mars 2024.

Vegna þessa verður opnun frestað, en aðrar dagsetningar haldast óbreyttar.

Tilboð verða opnuð miðvikudaginn 3.apríl 2024, kl. 11:30.

Tilboðin verða opnuð á skrifstofu Strendings ehf. Dalshrauni 3, 2.hæð sbr. kafla 0.1 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska. Niðurstöður verða sendar bjóðendum eftir opnun.

Svör við fyrirspurnum.

1.4 Götulýsing.

1.4.3 Ljósastólpar

Spurning:

Óljóst er í útboðsgögnum hvaða búnað verkkaupi leggur til.

Svar:

Verkkaupi leggur til ljósastólpa og lampa. Verkkaupi sér einnig um uppsetningu lampa og tengingar í staur. Verktaki skal skila rafstreng a.m.k. 30 cm upp fyrir efra þjónustuop á staur.

Liður 1.4.3.x (Tengibúnaður í stólpa, efni og vinna) fellur niður og skal ekki gefa einingaverð í þennan verklið.

Liður 1.4.4. (Götuljósalampar, vinnuliður) fellur niður og skal ekki gefa einingaverð í þennan verklið.

1.6 Frágangur yfirborðs

1.6.5 Gervigras og fallvörn undir leiktæki og 1.6.6 Gúmmíhellur

Spurning:

Er undirvinna fyrir fallvarnarefni innifalin í verkliðum fyrir gúmmíhellur og gervigras?

Svar:

Já. Undirvinnu fyrir fallvarnarefni skal innifalin í einingarverðum fyrir viðkomandi yfirborðsefni.

Spurning:

Í magntöluskrá er magntalan fyrir gervigras og gúmmíhellur stykki (stk.). Á þetta að vera fermetrar (m²)?

Svar:

Já. Magntalan fyrir þessa verkliði á að vera fermetrar (m²) í samræmi við verklýsingu.

1.6.7 Handrið meðfram tröppum:

Spurning:

Í uppgjörslíð fyrir handrið meðfram tröppum er tala um steiptar undirstöður. Mætti þetta vera niðurgrafinn tröppusteinn?

Svar:

Handrið eru fest á hliðar forsteypra tröppueininga með múrboltum. Því er ekki þörf á steiptum undirstöðum af neinum tagi.